

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðslur úr ábyrgðasjóði launa.

1. *Hve mikið hefur verið greitt úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja árlega sl. fimm ár og hvernig skiptast gjaldþrotin eftir atvinnugreinum? Hve hátt hlutfall eru greiðslurnar af heildartekjum sjóðsins?*

Leitað var upplýsinga um málið hjá ábyrgðasjóði launa og fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands.

Varðandi fyrri lið spurningarinnar vísast til töflu 1a, að því er varðar greiðslur úr ábyrgðasjóði, en töflu 1b varðandi skiptingu eftir atvinnugreinum.

Varðandi síðari lið spurningarinnar vísast til töflu 1a. Tekjur sjóðsins eru ábyrgðargjald, endurgreiðslur úr þrotabúum og vaxtatekjur. Greiðslur úr sjóðnum undanfarin fimm ár hafa hæst náð 90% af tekjum en lægst hefur hlutfallið orðið 53%. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2001 stefnir hins vegar í að greiðslur verði allnokkuð umfram tekjur sjóðsins.

**Tafla 1a.**

	<b>Gjöld, kr.</b>	<b>Heildartekjur, kr.*</b>	<b>Hlutfall gjalda af heildartekjum</b>
1996	160.873.191	252.128.103	64%
1997	171.964.318	322.096.270	53%
1998	137.675.538	230.785.750	60%
1999	214.562.003	237.332.982	90%
2000	172.582.809	273.213.744	63%
2001	325.000.000	290.000.000	áætlun fyrir 2001

\*Ábyrgðargjald.

\*Endurgreiðslur úr þrotabúum.

\*Vaxtatekjur.

**Tafla 1b. Greiðslum skipt eftir atvinnugreinum 1.1. 1999-30.9. 2001.**

B	Fiskveiðar	11.633.489
DA	Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður	146.645.177
DB	Textíl- og fátaiðnaður	17.445.628
DC	Leðuriðnaður	520.247
DD	Trjáiðnaður	26.154.402
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	15.731.859
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	14.226.459
DJ	Málmiðnaður	6.690.462
DK	Vélsmiði og vélaviðgerðir	28.223.445
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	15.443.184
DM	Framleiðsla samgöngutækja	13.161.292
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	6.634.411
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	49.229.562
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	109.005.060
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	53.160.945
I	Samgöngur og flutningar	25.518.248
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	35.014.436
M	Fræðslustarfsemi	183.287
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1.215.271
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi	6.462.244
P	Heimilishald með launuðu starfsfólki	106.137
P2	Ótilgreind starfsemi	1.052.030
		<hr/>
		583.457.275

2. *Hvernig skiptast greiðslurnar skv. 1. tölul. eftir 5. gr. laga um ábyrgðasjóð:*

- a. *kröfur um vinnulaun,*
- b. *kröfur um orlofslaun,*
- c. *bætur vegna launamissis vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamninga,*
- d. *tjón af völdum vinnuslyss,*
- e. *vangoldin lífeyrisgjöld,*
- f. *annað?*

Þær upplýsingar sem óskað er eftir liggja eingöngu fyrir um tímabilið 1. september 1999 til 30. september 2001. Sjá töflu 2.

**Tafla 2. Sundurliðun krafna fyrir tímabilið 1.1. 1999–30.9. 2001.**

a.	kröfur um vinnulaun	187.147.282
b.	kröfur um orlofslaun	79.636.923
c.	bætur vegna launamissis	85.814.259
d.	tjón af völdum vinnuslyss	5.517.953
e.	vangoldin lífeyrisgjöld	128.135.749
f.	vextir	59.480.513
g.	innheimtukostnaður	23.579.138
h.	orlof vegna greiðsluferfiðleika fyrirtækja	31.018.785
i.	skiptatrygging	9.587.881

3. *Hve hátt hlutfall hafa greiðslur sjóðsins verið af heildarkröfum árlega sl. þrjú ár skipt í samræmi við a–g-lið 5. gr. laganna?*

Í töflu 3 er sundurliðun fyrir árin 1999 og 2000 og fyrstu níu mánuði ársins 2001.

**Tafla 3. Hlutfall greiðslna af heildarkröfum fyrir tímabilið 1.1. 1999–30.9. 2001.**

1999		heildarkröfur	greitt úr ábyrgðasjóði	hlutfall
a.	kröfur um vinnulaun	98.434.027	87.629.190	89%
b.	kröfur um orlofslaun	24.808.983	22.116.794	89%
c.	lífeyrissjóðsiðgjöld	62.622.575	49.666.687	79%
d.	bætur vegna launamissis	41.740.889	24.706.237	59%
e.	tjón af völdum vinnuslyss	0	0	
g.	innheimtukostnaður	10.492.577	6.998.705	67%
2000		heildarkröfur	greitt úr ábyrgðasjóði	hlutfall
a.	kröfur um vinnulaun	54.718.265	43.283.621	79%
b.	kröfur um orlofslaun	25.287.673	23.648.130	94%
c.	lífeyrissjóðsiðgjöld	46.122.274	38.063.244	83%
d.	bætur vegna launamissis	42.435.669	27.991.316	66%
e.	tjón af völdum vinnuslyss	1.800.355	1.800.355	100%
g.	innheimtukostnaður	10.739.061	7.957.600	74%
1.1.–30.9. 2001		heildarkröfur	greitt úr ábyrgðasjóði	hlutfall
a.	kröfur um vinnulaun	73.027.202	56.234.471	77%
b.	kröfur um orlofslaun	37.131.295	33.871.999	91%
c.	lífeyrissjóðsiðgjöld	51.046.448	44.435.035	87%
d.	bætur vegna launamissis	74.445.434	33.116.706	44%
e.	tjón af völdum vinnuslyss	3.717.598	3.717.598	100%
g.	innheimtukostnaður	11.935.127	8.622.833	72%

4. *Hversu oft má ætla sl. fimm ár að skipt hafi verið um kennitölu í framhaldi af gjaldþroti og nýtt fyrirtæki stofnað í staðinn? Óskað er eftir sundurgreindum upplýsingum eftir rekstraradilum eða atvinnugreinum liggja þær fyrir.*

Fyrirtækjaskráning fer fram hjá Hagstofu Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu hafa ekki farið fram rannsóknir sem veitt gætu svör við spurningunni.

5. *Er ástæða til að ætla að brögð séu að því og þeim fyrirtækjum fari fjölgandi sem ekki greiða lögboðin launatengd gjöld né standi skil á greiðslum launa eða opinberra gjalda?*

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2000 voru greiddar kröfur úr ábyrgðasjóði launa vegna 79 þrotabúa. Á sama tímabili á yfirstandandi ári er fjöldi þrotabúa orðinn 102. Áætlað er að á árinu muni greiðslur úr ábyrgðasjóði nema u.þ.b. 325 millj. kr. en á árinu 2000 námu greiðslur 172.582.809 kr., sem var lækkun frá árinu 1999. Sú hækkun á greiðslum úr sjóðnum sem er fyrirsjáanleg á þessu ári skýrist fyrst og fremst af því að á árinu hafa margir stórir atvinnurekendur orðið gjaldþrota. Erfitt er hins vegar að svara spurningunni af nokkurri vissu varðandi það hvort algengara sé en áður að fyrirtæki greiði ekki lögboðin gjöld eða standi skil á greiðslum launa eða opinberra gjalda.

6. *Hvaða ástæður liggja að baki því að félagsgjöld til stéttarfélaga njóta ekki ábyrgðar hjá sjóðnum og er fyrirhugað að breyta því?*

Rétt er að geta þess að nú stendur yfir endurskoðun laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrotaskipta, nr. 53/1993. Skv. 1. gr. núgildandi laga ábyrgist sjóðurinn greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur

vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Í 1. mgr. 5. gr. laganna er ábyrgð sjóðsins takmörkuð við kröfur launþega um vinnulaun, orlofslaun, bætur vegna launamissis vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, bætur vegna vinnuslyss, vexti og innheimtukostnað. Einnig ábyrgist sjóðurinn bætur til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega af völdum vinnuslyss og kröfur viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrisðgjöld. Hefur ekki orðið breyting á hvað þetta varðar frá setningu laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 23/1985.

Ábyrgð sjóðsins nær samkvæmt framansögðu til greiðslna sem með beinum hætti tengjast framfærslu launþega, þar á meðal til lífeyrisréttinda, en einnig ábyrgist sjóðurinn kostnað sem hlotist getur af innheimtu kröfu á hendur vinnuveitanda. Félagsgjöld til stéttarfélaga eru hins vegar nokkuð annars eðlis. Er ekki að sjá af lögskýringargögnum að nokkurn tíma hafi komið til umræðu að ábyrgð sjóðsins næði til þeirra gjalda, en rétt er að benda á að ef til þess kæmi yrði væntanlega um að ræða frádrátt af greiðslu sjóðsins til launþega sem sjóðurinn skilaði beint til viðkomandi stéttarfélags.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um hugsanlegar breytingar á lögnum að því er varðar framangreint atriði við þá endurskoðun sem nú stendur yfir á lögum um ábyrgðasjóð launa.